



## Fundargerð hreppsnefndar 21. ágúst 2014

3. fundur hreppsnefndar haldinn fimmtudaginn 21. ágúst 2014 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig mættur: Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Við upphaf fundar óskaði minnihluti eftir að sem 14. mál á dagskrá verði ráðning sveitarstjóra formlega tekin fyrir. Samhljóða samþykkt.

Dagskrá fundar:

1. mál: Fundargerð hreppsnefndar frá 10. júlí sl. lögð fram.  
Hrund óskaði upplýsinga um 11. mál fundargerðar, hvernig það mál stæði. Umræða fór fram um málið, sem var á höndum sveitarstjóra, og eftirfarandi bókað: „Undirrituð vill ítreka að 11. máli verði vísað til fræðslunefndar og hlutaðeigandi verði upplýstir.“ (m.e.h.) Hrund Snorradóttir. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.
2. mál: Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 21. júlí sl.  
Fundargerðin samhljóða samþykkt.
3. mál: Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 13. ágúst sl.  
Til umræðu var liður er varðar lengri opnunartími íþróttahúss, s. s. fram kemur í fundargerð að í boði verði og eftirfarandi bókað: „Fram fór umræða um málið [lengri opnun íþróttahúss], m. a. framkvæmd þess, nefndarmenn almennt jákvæðir til málsins, sem litið er á sem tilraun og byggist á eftirspurn. Kostnaðarhliðina þarf að skoða. Samþykkt að sveitarstjóra verði falið að vinna í málinu og hann leggi fram útreikninga hér að lútandi á öðrum fundi hreppsnefndar í september“.  
Samhljóða samþykkt. Fundargerðin síðan samþykkt.
4. mál: Fundað um skipulagsmál 30. júlí sl., fundargerð.  
Fram fór umræða um þann lið er snýr að skipulagslögum, 35. gr. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps telur að ekki sé þörf á að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins s. s. segir í 35. gr. að sé sveitarstjórnar að meta. Heldur skipulagið gildi sínu.“  
Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að tilkynna Skipulagsstofnun þá niðurstöðu.
5. mál: Samþykktir Vopnafjarðarhrepps, staðfesting innanríkisráðuneytis, sbr. bréf dags. 16. júlí 2014, á breyttum samþykktum. Til kynningar.  
Minnihluti óskar eftirfarandi bókunnar: „Skv. 4. tl. 10. gr. og 1. mgr. 20 gr. samþykktanna á hreppsnefndarmaður rétt á að mál frá honum séu tekin á dagskrá. Því gerum við athugasemd við að þrjú mál frá undirrituðum; Fjölgun opinberra starfa, dags. 1. júlí 2014, Húsin heim, dags. 7. júlí 2014 og Úttekt á skipuriti, dags. 7. júlí 2014 skuli ekki tekin á dagskrá funda hreppsnefndar“.  
(m.e.h.) Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.
6. mál: Samkomulag um uppkaup og lóðarleigusamningur við Ásbræður ehf., dags. 07. ágúst sl.  
Oddviti bar upp til samþykktar 1) Samningur Vopnafjarðarhrepps og Ásbræðra ehf. um uppkaup sveitarfélagsins, samhljóða samþykkt og 2) Lóðarleigusamningur um Sjávarbyggð 13, samhljóða samþykkt.

7. mál: Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 18. og 19. september n. k. Kjör 3 fulltrúa svf. og 3 til vara. Tilnefndir af meirihluta: Eyjólfur Sigurðsson og Stefán Grímur Rafnsson sem aðalmenn, Sigríður Elva Konráðsdóttir og Friðrik Óli Atlason til vara. Frá minnihluta Bárður Jónasson sem aðalmaður og Magnús Þór Róbertsson til vara.

8. mál: Samkomulag um stofnanasamning milli Vopnafjarðarhrepps og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, dags. 14.08.14 og samkomulag sveitarfélagsins og sjúkraliða vegna jafnlaunaátaks, dags. 31.07.14. Til kynningar. Bárður gerði nánar grein fyrir málunum. Oddviti bar síðan upp til samþykktar að 1) stofnanasamningur við hjúkrunarfræðinga verði samþykktur og 2) samkomulag við sjúkraliða vegna jafnlaunaátaks - hvort tveggja samhljóða samþykkt. Ennfremur: Hreppsenefnd leggur áherslu á að kláraðir verði samningar við aðra starfsmenn Sundabúðar. Sveitarstjóri fylgi málinu eftir. Samþykkt samhljóða.

9. mál: Mynd Tolla Morthens af Jónasi Árnasyni til uppsetningar í Kaupvangi, sbr. skeyti Kristjóns Sigurðssonar, dags. 01. ágúst 2014. Myndin er afhent svf. til varðveislu. Sveitarstjórn vill koma á framfæri þökk til eiganda og f. h. Vopnfirðinga allra móttekur hún listaverkið með auðmýkt og þakklæti.

10. mál: Hafnarsambandsþing haldið í Fjallabyggð dagana 04.-05. september n. k. Sveitarstjóri verður fulltrúi sveitarfélagsins á þinginu. Samþykkt samhljóða.

11. mál: Menningarverðlaun SSA 2014. Stjórn sambandsins auglýsir eftir tilnefningum til verðlaunanna, sem getur verið einstaklingur, félög og stofnanir. Málið til umræðu og samþykkt að fela menningarfulltrúa að koma tillögu sveitarstjórnar á framfæri við SSA.

12. mál: Fundað með stjórn Rarik á Egilsstöðum 28. ágúst n. k. Sveitarfélagið sendi fulltrúa til fundarins. Lagður fram tölvupóstur hér að lútandi til upplýsinga.

13. mál: Eldisfóður ehf., fráveitumál. Bréf sveitarstjóra, dags. 08.08.14, til HAUST og uppdráttur hér að lútandi. Til kynningar.

14. mál: Ráðning sveitarstjóra. Eftirfarandi samhljóða samþykkt: „Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps ákvað að ráða Ólaf Áka Ragnarsson sem sveitarstjóra á fundi þann 30. júlí sl. Ólafur Áki kemur til starfa 1. september n. k. Um leið og Ólafur Áki er boðinn velkominn til starfa óskum við Þorsteini Steinssyni, fráfaramandi sveitarstjóra, heilla í nýju starfi og þökkum honum vel unnin störf síðastliðin 16 ár“.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:35. Næsti fundur hreppsenfndar verður haldinn miðvikudaginn 03. september kl. 16:00.